

Í vígaslóð Volodymyr hins volduga. Sjónhverfingar og spilling

Volodymyr Zelensky var gerður að lýðræðis- og frelsisdýrtingi Vesturlanda fyrir atbeina vestrænna stjórnámálanna og fjölmiðla. Leyniþjónustur vestrænna ríkja vönduðu til undirbúningsins í áráraðir. En þrátt fyrir það dvínar geislabaugur hins útvalda leiðtoga Úkraínu um þessar mundir, enda þótt ímynd hans sé nú meira að segja seld á treyjum- í líkingu við þær, sem hann klæðist opinberlega. Volodymyr er orðinn að vörumerki.

Leyniskjöl, opinberuð af Jack nokkrum Teixeira, sýna, svo varla verður um villst, að hæstráðendur í stjórnkerfi Bandaríkjanna eru á höttum eftir nýjum leppi í stað Volodymyr.

Victoria Nuland, leikstjóri valdaránsins 2014, og nú útsendari forseta síns í Niger, hefur m.a. bent á nýnasistann, hnefaleikakappann og borgarstjóra Kænugarðs, Vitali Klitschko. Hann hefur verið borgarstjóri allt frá valdaráni Bandaríkjanna og Nató. Í umræddum skjölum er m.a. fjallað um, hvernig skapa megi réttar aðstæður fyrir komandi kosningar í landinu á næsta ári til að tryggja kjör hans, ef svo bæri undir. En fleiri eru nefndir til sögu.

Það má til fróðleiks geta þess, að fyrrverandi forsætisráðherra Svía, Carl Bildt, spókaði sig á á Majdantorginu í Kænugarði með Victoria þann 24. febrúar 2022, þegar valdaránið fór fram. Þar veitti hún viðstöddum hressingu af mikilli rausn. Það fylgir ekki sögunni, hvort Carl hafi boðið þátttakendum „köttbullar og korv.“ En til allrar hamingju hittu leyniskyttarnar ekki þetta einstaka þar.

Fari svo, að hinn voldugi Volodymyr falli í ónáð, mun geislabaugur forsetafrúarinnar Olena Zelenska, vafalítið sömuleiðis dofna. Henni hefur einnig hefur verið hampað sem frelsishetju. M.a. hefur sjálf kvenfrelsunarhetjan, sem aldrei varð forseti, Hillary Clinton, gaukað að kynsystur sinni og systur í trúnni á lýðræði og frelsi - einkum kvenna- talsverðum peningaverðlaunum.

Þó er frelsisparið frá Úkraínu varla í peninganauðum statt. Það hefur við mútur, spillingu og stuld, skarað eld að eigin köku, m.a. íbúðir í Englandi, Ítalíu og Ísrael. En þangað fluttu gyðingtrúar foreldrar Volodymyr.

Hins vegar voru Rússar svo ófyrirleitnir að taka traustataki vistarverur hjónanna á Krím. Bannsettur Putin! Þetta gerðist í kjölfar þess, að Krímverjar ákváðu að gerast rússneskir ríkisborgarar, skömmu áður en borgarstýrjöld braust út í Úkraínu, að

undirlagi Nató. Meðan á henni stóð fór rúm milljón úkraínskra ríkisborgara að dæmi landi sinna. Eftir innrás Rússa hafa miklu fleiri slegist í hópinn eða um rúm milljón íbúa.

Það má velta því fyrir sér, hví Bandaríkjamenn vilji nú losna við Volodymyr. Það kynni að vera, að áróðurssveitin, sem starfað hefur fyrir Vesturlandabúa í áratugi, sé orðin uppiskroppa með brellur eins og t.d. við sviðsetninguna í Bucha, þar sem rússneskir hermenn voru ásakaðir fyrir fjöldamorð, kynofbeldi og limlestingar, á sama hátt og hermenn Þjóðverja í fyrri heimsstyrjöldinni og hermenn Íraks í frelsisstríði Bandaríkjanna og Nató.

Talskona (svo ég bregði nú undir mig RÚVskufætinum) Sameinuðu þjóðanna sagði Vladimir Putin dreifa Viagra meðal hermanna rússnesku þjóðarinnar. Því mættu þeir rismiklir til leiks, enda er þeim lagið að sprengja eigin gasleiðslur, stífur, brýr og kjarnorkuver, til að baka þjóð sinni tjón.

Þegar fyrrgreind áróðursdeild tilkynnti um ódæðin í Bucha, kallaði forseti Bandaríkjanna Vladimir Putin stríðsglæpamann.

Hrakfarir á vígvellinum og flótti úkraínskra karlmanna frá herþjónustu og uppgjöf, skiptir vafalaust einnig máli um stjórnuhrap Volodymyr. Hvernig sem því líður, sýna niðurstöður viðhorfskannana á Vesturlöndum, að færri hræðast Rússagrýluna, sem í áratugi hefur farið fyrir brjóstið á Íslendingum, enda aldir upp við þjóðtrúna um Grýlu.

Í orði kveðnu styðja stjórnvöld Vesturlanda Volodymyr. Þau íslensku senda honum milljarða í peningum, vígaskæði og þrjónles, ásamt því að faðma hann, kyssa og kjassa og örva hann með öðrum hætti til dáða. (Þetta er nýtt kvenfrelsunartilbrigði við íslensk stefnuleysi í utanríkismálum.) Íslenska ríkisstjórnin er reyndar meðal áköfustu stuðningsmanna hans á betlistafsgöngunum um Evrópu.

Íslensk stjórnvöld hafa enn þá ekki gert athugasemdir við losun Volodymyr á gróðurhúsalofttegundum, þrátt fyrir að fáir séu vistvænni í veröldinni. Annars virðist sú hlið stríðsins í Úkraínu fáum hugleikin.

Í Evrópu eru stjórnvöld almennt þý Bandaríkjamanna innan vébanda Nató. Það var eins og kunnugt er stofnað til þess að halda Ráðstjórnarríkjunum úti, Þjóðverjum niðri og öðrum Evrópuþjóðum í taumi.

Nú er engu líkara, en að Bandaríkjamenn ætli sér að láta vini sína í Vestur-Evrópu greiða úr hernaðarklúðrinu í Úkraínu. Það virðist renna upp fyrir þeim, að þeir hafi

ekki haft árangur sem erfiði við að koma Rússum á hné. (Það ber að taka fram, að hernaðarsérfræðingar RÚV eru gersamlega á öndverðurm meiði.)

En það gegnir öðru máli um Þjóðverja og hina vinina. Þjóðverjar gætu t.d. verið í þann mund að afiðnvæðast og Frakkar að missa spón úr kjarnorkueldsneytisaski sínum í Níger. Það eykur tækifæri bandarískra iðnjöfra.

Raunar er það svo, að Richard N. Haass, sem var leiðtogi utanríkismálahugveitu Bandaríkjamanna (Council on Foreign Relations), telur Bandaríkin vera mestu öryggisógn við „heimsfriðinn.“ Það var svo sannarlega kominn tími til, að það rynni upp fyrir honum. Sífelld „frelsis-, lýð- og mannréttindastríð“ eru í senn góð viðskiptahugmynd og svala valdafíkn.

Í hinu merka ráði, sem nefnt var til sögu, hittast stjórnvitringar úr ýmsum áttum – meira að segja Hollývúdd – til skrafs og ráðagerða um utanríkismálastefnu í landi hinna hugprúðu og frjálsu. Yfirvöldum er tamt að tileinka sér hugmyndafræði þess.

Úr herbúðum Nató koma einnig einkennilegar yfirlýsingar. T.d. hafði foringi úr þeirra röðum, Stian Jenssen, orð á því, að vel mætti hugsa sér að fara í „hrossakaup“ við Rússa, bjóða þeim landsvæði í skiptum fyrir samþykki aðildar Úkraínu að Nató. En einhverra hluta vegna hefur þeim þótt það ógn við öryggi sitt að fá kjarnorkuvopn á þröskuldinn eins og forðum daga, þegar Bandaríkjamenn staðsettu þau í Tyrklandi.

Undir leppforystu Volodymyr og nýnasista hans – í umboði Nató- hefur úkraínsku þjóðinni blætt svo um munar. Fróðir hernaðarsérfræðingar (þó ekki á vegum RÚV) telja, að rúm fjögur hundruð þúsund karlmenn hafi látið lífið í þessu samvinnuverkefni Vesturlandabúa. Aragrúi úkraínskra karla hefur einnig örkumlást. Öll þjóðin er í uppnámi og óbreyttir borgarar hafa týnt lífi í hrönnum. Sömu fróðleiksmenn áætla, að Rússar hafi misst um fjörutíu þúsund pílta og unga karlmenn.

Ofangreindum mannfórnum hefði í sjálfu sér auðveldlega mátt komast hjá. Á fyrstu dögum innrásarinnar virtust úkraínsk stjórnvöld vilja grafa stríðsöxina og ganga til við samninga við Rússa, þ.e. tryggja hlutleysi Úkraínu og mannréttindi rússneskra Úkraínuranna, jafnvel þótt Volodymyr hafi ýjað að því, að þjóð hans þyrfti að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

En Vesturlönd lögðust gegn slíkum samningum, enda var markmið þeirra að rústa rússnesku samfélagi. Auðmennirnir, sem í raun stjórna Vesturveldunum, að miklu leyti, hafa lengi átt sér þann draum að geta hrifsað til sín auðævi hins víðfema Rússlands eins og Úkraínu raunar einnig. Þeir hafa meira að segja viðurkennt, að

undirritun Minsk friðarsamninganna hafi verið sviðsett til að hafa Rússa að ginningarfíflum, meðan Úkraínnumenn vopnvæddust. Það sama átti sér stað við upplausn Ráðstjórnarríkjanna. Vesturlandabúar eru vart samningshæfir.

Rússum skal koma á hné með einhverju móti, orgar Volodymyr og Natókórinn tekur undir. Forsöngvarinn er Jens Stoltenberg. Forsætisráðherra Rússa, Vladimir Putín, er sérstakt skotmark.

Karlinn sá, sem lyfti aðeins öðrum litla fingrinum, þegar kjarnorkukafbáturinn, Kursk, sökk í Íshafinu árið 2000, býður stjórn mála-, efnahags- og menningarlegum ofbeldistilburðum Vesturlanda byrginn. Það varðar fjörbaugsgarð eða útlegð, enda hefur Alþjóðadómstólnum verið sigað á karlinn í krapinu.

Og viti menn! Ákæruefnið er stuldur rússneskra barna í fyrrum austur-lýðveldunum Úkraínu – Donetsk og Lugansk- einkum og sér í lagi fatlaðra barna. Flest þeirra, segja þeir, sem gerst til þekkja, eru vistuð tímabundið í tómskundabúðum, önnur eru ættleidd.

Volodydyr telur þetta rússneskan stríðsglæp, glæp gegn mannkyni. En hvorki hann, né úkraínsk yfirvöld yfirleitt, geta gert grein fyrir örlögum 60.000 barna, sem horfið hafa úr Úkraínu. Það eru næsta öruggar heimildir fyrir sölu einhverra þeirra úr landi. Þau má t.d. kaupa á landamærunum að Póllandi.

Fjöldi barna hefur aukin heldur verið gefinn/sendur/seldur til Ísrael. Önnur eru seld í hlutum. Samkvæmt því, sem nokkur alþjóðleg samtök skýra frá, hafa úkraínsk stjórnvöld slegið þeim rúmensku við í illum aðbúnaði og misþyrmingum barna. (Íslenski barnamálaráðherrann gæti látið til sín taka á þessum vettvangi.)

Volodymyr gælir ekki eingöngu við þá hugsun að draga Vladimir, fjanda sinn, fyrir Alþjóðaglæpadómstólinn. Hann gælir einnig við hugmyndir um beitingu kjarnorkuvopna eins og verstu brjálæðingarnir á þingi Bandaríkjanna. Nú bregður svo við, að rússneskur hernaðarsérfræðingur og prófessor, Sergei Karaganov, tekur þá á orðinu í blóra við yfirlýsingar rússneskra yfirvalda.

Hvað sem hugsanlegri beitingu kjarnorkuvopna líður, sjást á lofti teikn þess efnis, að Bandaríkjamenn muni jafnvel beitta herafla sínum til árása á Rússa. Hersveitir þeirra eru staðsettar í Póllandi, Rúmeníu og víðar í grenndinni, til viðbótar þeim, sem þegar taka þátt í bardögum með einum eða öðrum hætti. Hugsunin virðist vera sú, að lokka Rússa eins og Ráðstjórnarríkin áður í Afganistan, inn í hernaðarfúamýri, svo þeim blæði efnahags- og hernaðarlega út.

Samtímis tilburðum til réttarhalda yfir rússneskum ráðamönnum halda úkraínsk stjórnvöld áfram ofsóknum á heldur löndum sínum og útlendingum, sem segja óæskilegar sögur, eins og Gonzales Lira. Björn Malmquist er líklega ekki í hættu staddur.

Aukinna væringa verður vart í Evrópu vegna stríðsins við Rússa. T.d. ýfast nú pólskir stjórnámálamenn vegna „vanþakklætis“ Úkraínumanna, sem m.a. firrtust við andmæli pólskra bænda við ódýru, úkraínsku korni.

Á hernaðarsviðinu lýsa þýskir stríðsmenn yfir vonbrigðum sínum með úkraínska starfsbræður. Segja þá kasta dýrmætri þjálfun á glæ. Fjöldmörg ríki í Nató hafa komið að slíkri þjálfun. Þau auka nú útgjöld til hernaðar. Í Þýskalandi verða félagsleg útgjöld skorin niður á móti.

Stríðsmenn Bandaríkjanna og Evrópu sjá til þess, að vopnasöluþyrntækin, Lockheed Martin, Northrop Grumman, Raytheon, General Dynamics, BAE Systems og Boing, fitni eins og púkar á fjósbita. Fjárfestingasjóðir á borð við Svava klett (Black Rock) Vanguard og State Street ráða ríkjum í þessum stríðsgróðafyrirtækjum eins og í lyfja- og bóluefnafyrirtækjunum – og víða annars staðar í atvinnulífinu, t.d. í þeim fyrirtækjum, sem kaupa upp jarðnæði í Úkraínu sem óðast. Verðgildi hlutabréfa Raytheon tvöfaldaðist vegna Úkraínustríðsins.

Nýverið bárust þær fréttir, að Hollendingar, Danir og Norðmenn, ætli sér að styrkja stríðsreksturinn í Úkraínu enn frekar. Hinn danski Jacob Ellemann-Jensen hélt varla vatni af hrifningu yfir fórnfýsinni í þágu lýðræðis- og frelsisvarna þjóðar sinnar. Nefndar þjóðir ætla að senda úr sér gengnar F-16 þotur, sem verða á móta auðveld skotmörk Rússa og hálftrar aldar gamlir hertrúkkar frá Norðmönnum. En þetta mun stuðla að auknum gróða nokkurra fyrrgreindra fyrirtækja.

Á meðan blæðir Úkraínumönnum og Rússum og almenningur í Evrópuríkjunum verður fátækari – efnislega sem andlega.

Í þessum skrifuðu orðum sækja Rússar fram í norðri. Hugsanlega láta þeir nú hné fylgja kviði. Vesturveldin hafa ekki sýnt samningsvilja. Hörmulegt í alla staði!

[Hvordan statlige propagandaspecialister samarbejder med nazister i Ukraina-steigan.no](http://www.globalresearch.ca/bombshell-nato-says-war-started-in-2014-nato-war-against-russia-fake-pretext-to-invoke-article-5-of-atlantic-treaty/5828312)

<https://www.globalresearch.ca/bombshell-nato-says-war-started-in-2014-nato-war-against-russia-fake-pretext-to-invoke-article-5-of-atlantic-treaty/5828312>

<https://www.globalresearch.ca/leaked-documents-indicate-zelensky-replaced/5829825>

https://twitter.com/TuckerCarlson/status/1693761723230990509?ref_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1693761723230990509%7Ctwgr%5E8db77b7844b792efa376cca514ca4b08219681c%7Ctwcon%5Es1 &ref_url=https%3A%2F%2Fsteigan.no%2F2023%2F08%2Fusa-frykter-at-ukraina-er-blitt-for-redde-for-tap-av-soldater%2F

https://covertactionmagazine.com/2023/08/10/russia-donbass-and-the-reality-of-conflict-in-ukraine/?mc_cid=4ca2c99f62&mc_eid=5cd1ec03b1

https://covertactionmagazine.com/2023/08/07/was-there-really-a-massacre-in-tiananmen-square-or-was-it-an-illusion-fabricated-by-u-s-politicians-and-corporate-media-to-make-americans-hate-china/?mc_cid=4ca2c99f62&mc_eid=5cd1ec03b1

<https://www.globalpolitics.se/eu-i-kris-kronika/>

https://steigan.no/2023/08/ukrainske-styrker-evakuerer-kupyansk-russisk-offensiv-i-nord/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://steigan.no/2023/07/washington-veteran-den-virkelige-trusselen-er-oss/>

https://korybko.substack.com/p/western-media-is-nowadays-talking?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/08/usa-lemper-gradvis-krigen-over-i-fanget-pa-europeerne/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.globalresearch.ca/peace-talks-no-peace/5829506>

<https://www.informationclearinghouse.info/57758.htm>

https://steigan.no/2023/08/ukraina-barn-som-verktoy-i-propagandakrigen/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/08/den-grimme-virkeligheten-begynner-a-ga-opp-for-washington-vesten-taper-i-ukraina/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/08/oligarki-ukraina/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.youtube.com/watch?v=NutPkRtU5Hg>

https://steigan.no/2023/08/usas-etterretningstjenester-den-ukrainske-offensiven-vil-mislykkes/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/08/norske-medier-9-ar-med-bombing-av-sivile-er-ikke-viktig/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/08/stian-jenssens-uttalelser-gikk-verden-rundt/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.informationclearinghouse.info/57706.htm>

<https://www.globalpolitics.se/pepe-escobar-geopolitiskt-schackbrade-skiftar-mot-usa-imperium/>

<https://www.globalpolitics.se/vasterlandska-medier-inser-slutet-pa-den-ukrainska-motoffensiven/>

<https://www.globalpolitics.se/varldspolitiken-bakom-natos-utvidgning/>

<https://www.informationclearinghouse.info/57745.htm>

<https://www.informationclearinghouse.info/57743.htm>

https://korybko.substack.com/p/a-vicious-blame-game-is-breaking?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.youtube.com/watch?v=4aSgDXlrLTs>

<https://utvarpsaga.is/hallur-hallsson-vafuglinn-er-lentur/?fbclid=IwAR3s0FU3QP3DExq8i6TA7FFv0S46JZZTaW9Fq2h9T0ELgOl5FjLG1GWH50>

https://steigan.no/2023/08/hillknowlton-fra-svindelen-om-kuvosene-i-kuwait-til-arendalsuka/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://mate.substack.com/p/unlocked-amid-staggering-ukrainian?utm_source=substack&utm_medium=email

<http://www.informationclearinghouse.info/57729.htm>

https://brill.com/view/journals/rupo/8/2/article-p181_5.xml

<https://www.globalresearch.ca/harold-pinter-lessons-western-sabotage-ukraine-war/5829040>

https://korybko.substack.com/p/germanys-promised-military-patronage?utm_source=substack&utm_medium=email

https://imetatronink.substack.com/p/the-summer-of-fraying-threads?utm_source=cross-post&publication_id=1085164&post_id=136044321&isFreemail=true&utm_campaign=837411&utm_medium=email

https://covertactionmagazine.com/2023/08/04/ukrainian-president-volodymyr-zelensky-came-to-power-in-a-carefully-planned-operation-coordinated-by-western-intelligence-services-says-former-u-s-diplomat/?mc_cid=379f4dff31&mc_eid=5cd1ec03b1

<https://mate.substack.com/p/unlocked-us-admits-to-pushing-ukraine>

<https://strategic-culture.org/news/2022/02/04/how-american-duplicity-on-nato-expansion-ultimately-led-today-crisis/>

<https://ua-shirt.com/>

<https://www.telegraph.co.uk/fashion/how-zelenskys-top-became-powerful-sweatshirt-world/>

<https://www.thesun.ie/news/11075964/ukraine-volodymyr-zelensky-trademarks-name-stop-merchandise/>

https://steigan.no/2023/08/trashed-25/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://metro.co.uk/2023/06/14/scientist-close-to-putin-calls-for-nukes-to-be-used-to-save-humanity-18946982/>

https://steigan.no/2023/08/usa-et-flertall-sier-nei-til-mer-vapen-til-ukraina/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/08/oberst-douglas-macgregor-ukraina-kollapser-vil-nato-intervenere/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.zerohedge.com/geopolitical/ukraine-rearrests-american-blogger-after-he-sought-enter-hungary-seeking-asylum>

https://steigan.no/2023/08/gonzalo-lira-jeg-ble-torturert-i-ukrainske-fengsler/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.informationclearinghouse.info/57767.htm>

https://korybko.substack.com/p/ukraines-ungratefulness-is-finally?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.informationclearinghouse.info/57765.htm>

<https://www.eurasiareview.com/22082023-john-pilger-silencing-the-lambs-how-propaganda-works-oped/>

[From Stalinism to the 'Most Avoidable War in History' \(consortiumnews.com\)](#)

<https://www.globalresearch.ca/seven-reasons-why-russia-dominates-ukraine/5827372>

https://steigan.no/2023/07/hvem-eier-den-vapenindustrien-som-tjener-grovt-pa-ukrainakrigen/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.youtube.com/watch?v=m7THZKtvLOE>

<https://www.globalresearch.ca/western-experts-try-justify-ukrainian-counteroffensive-failure/5826967>

<https://www.globalpolitics.se/new-york-times-efter-stora-forluster-pausa-ukraina-och-soker-ny-strategi/>

https://steigan.no/2023/07/fra-stalinisme-til-den-mest-unngaelige-krigen-i-historien/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/07/hva-kaller-man-et-regime-som-yter-straffefrihet-til-fascister/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.globalresearch.ca/nato-isnt-defending-ukraine-its-stabbing-it-back/5825985>

<https://www.globalresearch.ca/biden-preparing-to-take-us-war-against-russia/5825998>

https://steigan.no/2023/07/nato-i-wonderland-maskene-faller/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.informationclearinghouse.info/57675.htm>

<https://www.informationclearinghouse.info/57676.htm>

https://steigan.no/2023/07/opera-buffa-i-ukraina/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://bmanalysis.substack.com/p/scott-ritter-and-mike-mihajlovic?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://archive.md/hNCpq>

https://steigan.no/2023/08/gonzalo-lira-pa-rommen-fra-ukraina/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.informationclearinghouse.info/57689.htm>

<https://rumble.com/v2zs3r0-a-scott-ritter-investigation-agent-zelensky-part-1.html>

<https://rumble.com/v30nd8w-a-scott-ritter-investigation-agent-zelensky-part-2.html>

2

<https://www.informationclearinghouse.info/57672.htm>

https://steigan.no/2023/07/hvordan-statlige-propagandaspesialister-samarbeider-med-nazister-i-ukraina/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/07/tyskland-storre-militaerutgifter-skal-betales-med-sosiale-nedskjaeringer/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.informationclearinghouse.info/57684.htm>

<https://strategic-culture.org/news/2022/02/04/how-american-duplicity-on-nato-expansion-ultimately-led-today-crisis/>

<https://web.archive.org/web/20230820145202/https://www.economist.com/europe/2023/08/20/ukraines-sluggish-counter-offensive-is-souring-the-public-mood>

Viðbót:

https://steigan.no/2023/08/europa-underordner-seg-usa/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.indianpunchline.com/whos-afraid-of-prigozhin-and-wagner/>